



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026

JARÐ2AJ05

Kennari	Harpa Kristín Einarsdóttir: harpa.einarsdottir@fss.is		
Viðtalstími	Þriðjudagar kl. 8:30-9:10, staðsetning eftir samkomulagi.		
Námsefni	Kennslubók: Jarðfræði fyrir framhaldsskóla (vefbók) https://jardfraedi.vefbok.idnu.is/ Annað efni frá kennara á INNU		
Áfangalýsing	Áfanganum er ætlað að kynna jarðfræði sem vísindagrein , tengsl hennar við aðrar fræðigreinar og notagildi við íslenskar aðstæður. Markmiðið er jafnframt að auka þekkingu og skilning nemenda á umhverfi sínu , myndun þess og þeim ferlum sem móta það. Áhersla er lögð á jarðfræðilega sérstöðu Íslands og jarðfræði Reykjanesskagans, með það að markmiði að nemendur þekki, skilji og njóti betur íslenskrar náttúru. Í áfanganum er áhersla á verkefnavinnu í kennslustundum undir leiðsögn kennara. Virk þátttaka nemenda í eigin námi liggur til grundvallar.		
Námsmat og vægi námsmatspátta	Áfanginn er símatsáfangi með áherslu á verkefnavinnu og jafna vinnu nemenda yfir önnina. Til að standast áfangann þarf nemandi að ná að lágmarki einkunninni 4,5 í öllum þremur námsmatsþáttum. Það felur í sér að: • Standast þarf hvert könnunarpróf með einkunnina 4,5 eða hærri. • Meðaleinkunn skilaverkefna þarf að vera 4,5 eða hærri. • Einkunn fyrir vinnubók þarf að vera 4,5 eða hærri. Upptökupróf eru haldin í lok annar. Vinnubók er skilað tvisvar á önninni, fyrir vetrarleyfi og í lok annar. Hún er að mestu unnin í kennslustundum og skal vera handskrifuð nema annað sé sérstaklega samþykkt af kennara. Nánari leiðbeiningar eru aðgengilegar á INNU. Fyrir hvert könnunarpróf lokast fyrir skil verkefna úr þeim hluta námsefnis sem prófið tekur til. Ekki verður hægt að skila þeim verkefnum síðar á önninni. Ekkert lokapróf er í áfanganum.		
	Símatsáfangi ☒ Lokapróf ☐ Sleppikerfi ☐		
	Heiti	Vægi	
	Skilaverkefni	30%	
Vinnubók	20%		
Könnunarpróf 1, 2 og 3	50%		

Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara. Allar tilraunir til svindls í prófum leiða til að nemandi fær 0 í prófinu, þar með talið að vera með síma á sér í prófi.
Annað sem kennari vill láta koma fram	Munið að spyrja ef eitthvað er óljóst. Sendið mér tölvupóst og látið mig vita ef eitthvað bjátar á. Betra er að gera það strax frekar en að bíða með það.
Grunnpættir menntunar	Grunnpættir menntunar fléttast inn í kennslu áfangans með fjölbreyttum hætti. Sjálfbærni birtist í umfjöllun um nýtingu náttúruauðlinda, náttúruvá og áhrif mannsins á umhverfið. Læsi er þjálfað með lestri og túlkun jarðskjálftarita, jarðlagakorta, jarðsögutöflu og vísindagreina. Sköpun kemur fram í sjálfstæðri verkefnavinnu og miðlun niðurstaðna. Áfanginn styður við lýðræði með því að efla gagnrýna hugsun og undirbúa nemendur fyrir upplýsta þátttöku í umræðu um virkjanir, náttúruvernd og náttúruhamfarir.

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • jarðfræðilegum fyrirbærum • hugtökum og kenningum, s.s. útrænum og innrænum öflum, lagskiptingu jarðar, landrekskenningunni, myndunarsögu steinda og bergtegunda • sérstöðu Íslands í jarðfræðilegu samhengi.	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • nota og skilja hugtök fræðigreinarinnar • leysa verkefni sem viðkoma fræðigreininni s.s. finna upptök jarðskjálfta, stærð þeirra og áhrif.
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • verða læs á landið sitt, náttúru og umhverfi • skilja og mynda sér skoðanir um það sem þeir lesa, heyra og sjá t.d. í fjölmiðlum á þessu sviði.	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Heimavinna	16 vikur x 2 klst.	32 klst.
Undirbúningur f. könnunarpróf	3 x 5 klst.	15 klst.
Skilaverkefni		6 klst.
Alls		117 klst. = 5 feín*

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19.-21. ágúst	Kynning á áfanga	
2. vika 24.-28. ágúst	Kafli 1: Jarðfræði og jarðfræðirannsóknir Hringrás bergs. Wegener og landrekskenningin.	Skilaverkefni 1: Reykjanes
3. vika 31. ágúst-4. september	Kafli 2: Flekarek og heitir reitir. Innri gerð jarðar.	
4. vika 7.-11. september	Kafli 2: Flekarek og heitir reitir	Skilaverkefni 2: Ferðalag kenninganna
5. vika 14.-18. september	Kafli 2: Flekarek og heitir reitir	Könnunarpróf 1: Kaflar 1-2
6. vika 21.-25. september	Kafli 3: Jarðskjálftar	
7. vika 28. september-2. október	Kafli 3: Jarðskjálftar	Skilaverkefni 3: Jarðskjálftar
8. vika 5.-9. október	Kafli 4: Steindir	
9. vika 12.-16. október <i>Námsmatsdagur 12. okt.</i> <i>Miðannarmat 13. okt.</i>	Kafli 4: Steindir	Könnunarpróf 2: Kaflar 3-4 Fyrri skil á vinnubók fyrir vetrarfrí
10. vika 19.-23. október <i>Vetrarleyfi 23. október</i>	Kafli 5: Kvika og storkuberg	
11. vika 26.-30. Október <i>Vetrarleyfi 26. október</i>	Kafli 6: Eldsumbrot	
12. vika 2.-6. nóvember	Kafli 6: Eldsumbrot	
13. vika 9.-13. nóvember	Kafli 6: Eldsumbrot	Skilaverkefni 4: Eldfjöll
14. vika 16.-20. nóvember	Kafli 6: Eldsumbrot	Könnunarpróf 3: Kaflar 5- 6
15. vika 23.-27. nóvember <i>Dimissio 27. nóvember</i>	Kafli 7: Grunnvatn og jarðhiti Kafli 8: Jöklar	
16. vika 30. nóvember-4. desember	Kafli 8: Jöklar	Sjúkra og upptökupróf Seinni skil á vinnubók

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Harpa Kristín Einarsdóttir